



UST

Umhverfisstofnun

Environmental and Food Agency of Iceland

Stúdentanilífrast 24
101 - 106 Reykjavík, Ísland

tel. (+354) 591 2000

fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
07 APR 2004 34.57
Tilv. _____

6. apríl 2004

Tilvísun: UST20040100091/sf

Breyting á jarðhitanytingu á Reykjanesi

Með bréfi dags. 9. febrúar sl. gaf Umhverfisstofnun umsögn um hugsanleg umhverfisáhrif ofangreindrar framkvæmdar vegna ákvörðunar um matsskyldu. Í umsögn stofnunarinnar var bent á að í tilkynningu um framkvæmdina kæmi fram að gert væri ráð fyrir að upptaka jarðhitavökva yrði alls 28,4 milljónir tonna á ári. Samkvæmt matsskýrslu vegna jarðhitanytingar á Reykjanesi frá júní 2002 hefði hins vegar verið gert ráð fyrir að jarðhitavinnsla yrði um 17 milljónir tonna á ári eða um 550 kg/sek, sbr. einnig úrskurð Skipulagsstofnunar frá 27. september 2002. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu fyrrgreindrar framkvæmdar frá 20. febrúar sl. er í umfjöllun um ofangreint bent á að í úrskurði skipulagsstjóra ríkisins frá 17. maí 2000 og í úrskurði umhverfisráðherra þann 30. ágúst 2000 um jarðhitanytingu á Reykjanesi var fallist á upptöku allt að 28,4 milljóna tonna á ári af jarðhitavökva.


Vegna þessa vill Umhverfisstofnun vekja athygli Skipulagsstofnunar á eftirfarandi: Með úrskurði sínum þann 30. ágúst 2000 staðfesti umhverfisráðherra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins frá 17. maí 2000 um mat á umhverfisáhrifum jarðhitanytingar á Reykjanesi með breytingum. Samkvæmt úrskurði ráðherra skyldi ráðast í frekara mat á jarðhitanytingu á Reykjanesi þar sem m.a. skyldi meta áhrif förgunar affallsvatns með niðurdælingu eða í sjó, sbr. lið 6.2 í úrskurðarorðum. Í úrskurði skipulagsstjóra ríkisins frá 17. maí 2000, sem staðfestur var af umhverfisráðherra með breytingum, segir m.a. um förgun affallsvatns: „Skipulagsstjóri telur ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar um umhverfisáhrif dælingar til sjávar og telur að flokka þurfi strandsjóinn með tilliti til umhverfismarkna fyrir málma í yfirborðsvatni til verndar lífríki og umhverfismarkna fyrir málma í sjávarseti hér við land. Upplýsingar vantar um styrk og magn ýmissa efna í affallsvatninu og áhrif þeirra á lífríki svo sem kísils, áls, járns, blýs og mangans sem eru í margföldum styrk miðað við sjó en einnig þungmálma svo sem kadmíum, kopar og sink. Styrkur blýs og arsens í affallsvatninu er talinn verða um hundraðfaldur styrkur þessara efna í sjó en gera verður grein fyrir hver áhrif þess kunna að verða á lífríki.”


Í júní 2002 var lögð fram matsskýrsla þar sem m.a. var fjallað um förgun affallsvatns og umhverfisáhrif þess. Í skýrslunni og úrskurði Skipulagsstofnunar frá 27. september 2002 var miðað við að jarðhitavinnslan væri 17 milljónir tonna á ári. Áætlað var að í mesta lagi myndi helmingi affallsvökva verða dælt til sjávar. Áhrif af förgun affallsvatns voru því eingöngu

metin miðað við að jarðhitavinnslan væri 17 milljónir tonna á ári.

Umhverfisstofnun telur rétt að taka fram að með ofangreindri ábendingu tekur stofnunin ekki afstöðu til þess hvort og þá hver hugsanleg áhrif vegna þessarar aukningar á affallsvökva gætu orðið.

Virðingarfyllst,


Sigurrós Friðriksdóttir


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs